

Afkomutilkynning 31. október 2018

AFKOMA ARION BANKA Á ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI 2018

STÖÐUGUR UNDIRLIGGJANDI REKSTUR

Hagnaður samstæðu Arion banka á þriðja ársfjórðungi 2018 nam 1,1 milljarði króna samanborið við 0,1 milljarðs króna tap á sama tímabili 2017. Arðsemi eigin fjár var 2,3% á þriðja ársfjórðungi samanborið við neikvæða arðsemi upp á 0,2% á sama tímabili árið 2017. Hagnaður samstæðunnar á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 nam 6,2 milljörðum króna og arðsemi var 3,9% samanborið við 10,4 milljarða króna hagnað og 6,3% arðsemi á sama tímabili 2017. Niðurfærslur sem tengjast Primera hafa áhrif á afkomu fjórðungsins og fyrstu níu mánuðina 2018.

Heildareignir námu 1.219,5 milljörðum króna í lok september 2018 samanborið við 1.147,8 milljarða króna í árslok 2017 og eigið fé hluthafa bankans nam 199,3 milljörðum króna, samanborið við 225,6 milljarða króna í árslok 2017. Arion banki greiddi 10 milljarða króna í arð í lok september 2018.

Eiginfjárlutfall bankans var 21,7% í lok september en var 24,0% í árslok 2017. Hlutfall almenns eiginfjárpáttar 1 nam 21,6% í lok september, samanborið við 23,6% í árslok 2017.

Helstu rekstrar- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

Í milljónum króna	3F 2018	3F 2017	% breyt.	9M 2018	9M 2017	% breyt.
Hreinar vaxtatekjur	7.445	7.250	3%	21.966	22.570	(3%)
Hreinar þóknatekjur	4.246	3.865	10%	12.280	10.703	15%
Hreinar fjármunatekjur	582	(734)	-	2.849	2.471	15%
Hreinar tekjur af tryggingum	984	716	37%	1.885	1.769	7%
Hlutdeild í afk. hlutdeildarf. og niðurfærsla	34	17	100%	18	(917)	-
Aðrar rekstrartekjur	431	483	(11%)	1.310	2.858	(54%)
Rekstrartekjur	13.722	11.597	18%	40.308	39.454	2%
Laun og launatengd gjöld	(4.168)	(3.841)	9%	(13.815)	(12.624)	9%
Annar rekstrarkostnaður	(3.817)	(3.699)	3%	(11.777)	(8.756)	35%
Rekstrarkostnaður	(7.985)	(7.540)	6%	25.592	21.380	20%
Bankaskattur	(937)	(814)	15%	(2.621)	(2.388)	10%
Hrein virðisbreyting	(2.678)	(2.551)	5%	(2.969)	(1.262)	135%
Hagnaður fyrir skatta	2.122	692	207%	9.126	14.424	(37%)
Tekjuskattur	(973)	(805)	21%	(3.078)	(4.071)	(24%)
Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	-	-	-	112	-	-
Hagnaður	1.149	(113)	-	6.160	10.353	(41%)

Helstu kennitölur

Arðsemi eigin fjár	2,3%	(0,2%)	3,9%	6,3%
Hagnaður á hlut (í krónum)	0,63	(0,06)	3,00	5,18
Kostnaðarhlutfall	58,2%	65,0%	63,5%	54,2%

Helstu efnahags- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

Í milljónum króna	30.09.2018	31.12.2017	breyt.	% breyt
Lán til viðskiptavina	819.965	765.101	54.864	7%
Aðrar eignir	399.564	382.653	16.910	4%
Skuldir	1.019.473	922.020	97.453	11%
Eigið fé	200.056	225.734	(25.678)	(11%)
Útlán sem hlutfall af innlánnum	169,2%	165,5%		
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareign	66,2%	66,8%		
Hlutfall almenns eiginfjárpáttar 1	21,6%	23,6%		

Varðandi ítarlegar fjárhagsupplýsingar vísast til árshlutareiknings samstæðu Arion banka fyrir þriðja ársfjórðung og fyrstu níu mánuði ársins 2018, sem birtur er á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is.



HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON, BANKASTJÓRI ARION BANKA

Afkoma þriðja ársfjórðungs var undir væntingum og hefur gjaldþrot Primera Air þar mest áhrif en bankinn þurfti að færa niður eignir vegna þess. Undirliggjandi rekstur bankans er hins vegar áfram sterkur. Við sjáum góðan vöxt á milli ára í bæði þóknunatekjum og tekjum af tryggingastarfsemi. Á sama tíma helst vaxtamunur stöðugur í umhverfi þar sem samkeppni er mikil. Ljóst er þó að bankinn mun á næstunni frekar horfa til arðsemi af lánasafni sínu og þá jafnvel á kostnað lánavaxtar.

Eiginfjárstaða bankans er sterk þrátt fyrir umtalsverðar arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum á árinu en bankinn hefur greitt út rúma 33 milljarða á árinu 2018 vegna þessa. Síðast í september greiddi Arion banki út 10 milljarða í arð í takt við stefnu bankans um lækkingu eiginfjár, en áfram er unnið markvisst að þeim fjárhagslegu markmiðum sem bankinn hefur kynnt t.a.m. varðandi eigið fé, kostnaðarhlutfall og arðsemi.

Arion banki leggur mikla áherslu á kostnaðaraðhald í sífellt flóknara rekstrarumhverfi. Að hafa góð tök á kostnaði mun skipta miklu máli varðandi framtíðararðsemi og hefur bankinn þegar sett af stað verkefni með það að markmiði að draga úr rekstrarkostnaði. Við höfum náð góðum árangri á undanförunum árum við að aðlaga þjónustu bankans að breyttum þörfum viðskiptavina. Lögð hefur verið megináhersla á stafrænar lausnir með þróun Arion banka appsins, netbankans og annarrar þjónustu á vef bankans, sem gerir viðskiptavinum okkar kleift að sinna sínum fjármálum á þægilegan máta. Einnig höfum við breytt og þróað áfram útibúanetið okkar. Þar leggjum við annars vegar áherslu á styrkingu kjarnaútibúa okkar, þar sem boðið er upp á víðtæka þjónustu og ráðgjöf, og hins vegar á endurhönnun minni útibúa sem hafa mörg hver verið flutt í þjónustukjarna þar sem viðskiptavinir okkar eiga gjarnan leið um. Nýjasta dæmið um þetta er útibú bankans í Hagkaup í Garðabæ. Með sameiningu útibúa og flutningi þeirra hefur náðst fram margvíslegt hagræði, m.a. hefur dregið verulega úr notuðum fermetrum.

Á undanförunum árum hefur verið rík áhersla á jafnréttismál innan bankans með góðum árangri. Arion banki varð nýverið fyrsti bankinn og jafnframt eitt stærsta fyrirtækið sem fengið hefur heimild til að nota Jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins. Arion banki innleiddi fyrst jafnlaunakerfi í starfsemi sína árið 2015 og fékk í kjölfarið Jafnlaunavottun VR. Jafnlaunakerfið er mikilvægt stjórnæki og stuðlar að því að starfsfólki, sem vinnur jafnverðmæt störf, sé ekki mismunað í launum. Við höfum einnig unnið að því að jafna kynjahlutföll í stjórnendahópi bankans. Nú þegar bankinn hefur verið skráður í kauphöllina í Stokkhólmi þá er ánægjulegt að sjá að við erum nokkuð framarlega á þessu sviði miðað við önnur félög í þeirri kauphöll. Á nýjum lista sem gefinn er út af AllBright, sem er sænsk stofnun sem hefur það meginmarkmið að stuðla að auknu jafnrétti í viðskiptalífínu, er Arion banki í 17. sæti af 329 fyrirtækjum, sem eru skráð í kauphöllinni í Stokkhólmi, þegar kemur að jöfnum hlutföllum kynjanna í hópi stjórnenda. Við munum halda áfram á þessari braut með það að markmiði jafna enn frekar stöðu kynjanna innan bankans.

Kostnaðarhlutfall bankans þróaðist með jákvæðum hætti á fjórðungnum. Innan bankans fer fram markviss vinna við að straumlínulaga starfsemi bankans og hagræða. Sú stefnumiðaða vegferð sem bankinn er á varðandi stafræna þjónustu og þróun útibúanetsins er mikilvæg hvað þetta varðar þar sem hún mun til lengri tíma litið skila bæði kostnaðarhagræði og auknum tekjum. Bankinn horfir jafnframt til útvistunar verkefna og samstarfs við aðra þar sem samnýta má t.a.m. starfsfólk, aðföng og húsnæði.

Valitor heldur áfram að vaxa erlendis en fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum á Norðurlöndum og í Bretlandi fjölbreyttar lausnir á sviði greiðslumiðlunar. Stefnumótun varðandi framtíðareignarhald Valitor er lokið og vinnur bankinn að því að fá til liðs við sig alþjóðlegan fjárfestingarbanka til að aðstoða við sölu félagsins, að hluta eða í heild. Gera má ráð fyrir að ákvörðun um næstu skref verði kynnt á næstunni.



REKSTRARREIKNINGUR

Í milljónum króna	3F 2018	2F 2018	% breyt.	3F 2017	% breyt.
Hreinar vaxtatekjur	7.445	7.613	(2%)	7.250	3%
Hreinar þóknunatekjur	4.246	4.492	(5%)	3.865	10%
Hreinar fjármunatekjur	582	927	(37%)	(734)	-
Hreinar tekjur af tryggingum	984	758	30%	716	37%
Hlutdeild í afk. hlutdeildarf. og niðurfærsla	34	2	-	17	100%
Aðrar rekstrartekjur	431	610	(29%)	483	(11%)
Rekstrartekjur	13.722	14.402	(5%)	11.597	18%
Laun og launatengd gjöld	(4.168)	(5.011)	(17%)	(3.841)	9%
Annar rekstrarkostnaður	(3.817)	(3.964)	(4%)	(3.699)	3%
Rekstrarkostnaður	(7.985)	(8.975)	(11%)	(7.540)	6%
Bankaskattur	(937)	(880)	6%	(814)	15%
Hrein virðisbreyting	(2.678)	(192)	-	(2.551)	5%
Hagnaður fyrir skatta	2.122	4.355	(51%)	692	207%
Tekjuskattur	(973)	(1.287)	(24%)	(805)	21%
Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	0	(6)	-	0	-
Hagnaður	1.149	3.062	(62%)	(113)	-

Rekstrartekjur námu 13,7 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2018, samanborið við 11,6 milljarða króna á sama tímabili 2017. Hreinar vaxtatekjur, hreinar þóknunatekjur, hreinar fjármunatekjur og hreinar tekjur af tryggingum jukust milli ára en aðrar rekstrartekjur lækkuðu nokkuð. Rekstrartekjur lækka hins vegar lítillaga frá öðrum ársfjórðungi 2018, einkum hreinar fjármunatekjur.

Hreinar vaxtatekjur hækka um 3% frá sama tímabili 2017. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 2,7% á þriðja ársfjórðungi 2018, líkt og á sama tímabili 2017. Vaxtamunurinn nam 2,8% á öðrum ársfjórðungi 2018. Meðaltal vaxtaberandi eigna jókst um 5,4% frá þriðja ársfjórðungi 2017 og um 3,4% frá öðrum ársfjórðungi 2018. Lækkun vaxtamunar frá síðasta ársfjórðungi, þrátt fyrir hærri verðbólgu, má m.a. skýra með hærri hlutfalli lausafjár í erlendum myntum, sem ber lága vexti, og með þrýstingi á vaxtakjör útlána bankans vegna harðrar samkeppni, bæði á fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði.

Hreinar þóknunatekjur hækka um 10% á þriðja ársfjórðungi 2018 samanborið við sama ársfjórðung 2017 en lækka lítillaga borið saman við annan ársfjórðung 2018. Aukningu frá fyrra ári má einkum skýra með auknum umsvifum á fjárfestingarbankasviði og auknum umsvifum í greiðslukortum og greiðslulausnum, sem hafa aukist um 18% frá sama tímabili 2017. Lækkun frá síðasta ársfjórðungi má einkum skýra með brotthvarfi stórs viðskiptavinar í alþjóðlegri starfsemi Valitor.

Hreinar fjármunatekjur námu 582 milljónum króna, samanborið við neikvæðar fjármunatekjur að fjárhæð 734 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi 2017. Hreinar fjármunatekjur námu 927 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi 2018. Ágæt afkoma af erlendum hlutabréfum skýrir að mestu jákvæðar fjármunatekjur á árinu en einkum er um að ræða innlausn af sölu eða umbreytingu á eignarhaldi skráðra og óskráðra hlutabréfa.

Hreinar tekjur af tryggingum námu 984 milljónum króna, samanborið við 716 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi 2017 og 758 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2018. Hækkunina frá fyrra ári má einkum rekja til aukinna umsvifa Varðar og fremur lágs tjónahlutfalls hjá félaginu. Samsett hlutfall Varðar var 80,0% á þriðja ársfjórðungi 2018 samanborið við 87,4% á sama tímabili 2017.

Aðrar rekstrartekjur námu 431 milljón króna á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 483 milljónir króna á sama tímabili 2017 og 610 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2018. Sveiflur milli tímabila skýrast einkum af breytingum á virðismati fjárfestingareigna.

Rekstrarkostnaður nam samtals 7.985 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 7.540 milljónir króna á sama tímabili 2017 og 8.975 milljónir á öðrum ársfjórðungi 2018. Kostnaðarhlutfall var 58,2% á þriðja ársfjórðungi samanborið við 65,3% á sama tímabili 2017 og 62,3% á öðrum fjórðungi 2018. Kostnaðarhlutfall án Valitor var 49,5% á þriðja ársfjórðungi samanborið við 60,9% á sama tímabili 2017 og 57,6% á öðrum fjórðungi 2018. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,7% á þriðja ársfjórðungi sem og á sama tímabili 2017 og 3,1% á öðrum ársfjórðungi 2018.

Laun og launatengd gjöld námu 4.168 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi 2018 og hækkuðu um 9% frá sama tímabili í fyrra en lækkuðu um 17% frá öðrum ársfjórðungi 2018, einkum vegna árstíðasveiflna. Hækkunina frá fyrra ári má einkum rekja til almennra launahækkana skv. kjarasamningum frá maí 2018 og fjölgunar starfsfólks í alþjóðlegri starfsemi dótturfélagsins Valitor. Reiknuð meðallaun starfsfólks samstæðunnar hafa hækkað um 5,1% á fyrstu níu mánuðum ársins en á sama tíma hækkaði launavísitala um 6,4%. Fjöldi stöðugilda hjá samstæðunni var 1.322 í lok september sem er fjölgun um 41 stöðugildi frá sama tíma fyrir ári og um 23 frá árslokum 2017.



Fjölgunina má einkum rekja til vaxtar í alþjóðlegri starfsemi Valitor. Fækkun stöðugilda heldur áfram í móðurfélaginu og kemur einkum til vegna aukinnar útvistunar verkefna, m.a. útvistunar seðlavers.

Annar rekstrarkostnaður nam 3.817 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi 2018, samanborið við 3.699 milljónir króna á sama tímabili 2017 og 3.964 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2018. Hækkun frá fyrra ári er einkum vegna verðlagsbreytinga og aukinna umsvifa Valitor.

Hrein virðisbreyting var neikvæð um 2.678 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi 2018, samanborið við neikvæða hreina virðisbreytingu að fjárhæð 3.840 milljónir króna á sama tímabili 2017 og 192 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2018. Það sem hafði mest áhrif á virðisrýmun á þriðja ársfjórðungi var gjaldprot Primera Air eins og greint var frá þann 2. október 2018. Á sama tíma árið 2017 var umtalsverð niðurfærsla vegna rekstrarvanda United Silicon. Á öðrum ársfjórðungi 2018 voru óverulegar virðisbreytingar á lánasafni bankans.

Tekjuskattur nam 973 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi 2018, samanborið við 805 milljónir króna á sama tímabili árið 2017 og 1.287 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2018. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í árschlutareikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er óvenjulega hátt eða 45,9% á þriðja ársfjórðungi 2018 samanborið við 29,6% á öðrum ársfjórðungi 2018. Hið háa tekjuskattshlutfall á þriðja ársfjórðungi 2018 má einkum rekja til rekstrartaps í dótturfélögum Valitor í Danmörku og Bretlandi sem ekki er fyrirséð að muni nýtast til frádráttar skattstofni. Þess ber að geta að bankaskattur kemur ekki til frádráttar tekjuskattsstofni.

Fyrstu 9 mánuðir ársins 2018

<i>Í milljónum króna</i>	9M 2018	9M 2017	% breyt.
Hreinar vaxtatekjur	21.966	22.570	(3%)
Hreinar þóknatekjur	12.280	10.703	15%
Hreinar fjármunatekjur	2.849	2.471	15%
Hreinar tekjur af tryggingum	1.885	1.769	7%
Hlutdeild í afk. hlutdeildarf. og niðurfærsla	18	(917)	-
Aðrar rekstrartekjur	1.310	2.858	(54%)
Rekstrartekjur	40.308	39.454	2%
Laun og launatengd gjöld	(13.815)	(12.624)	9%
Annar rekstrarkostnaður	(11.777)	(8.756)	35%
Rekstrarkostnaður	25.592	21.380	20%
Bankaskattur	(2.621)	(2.388)	10%
Hrein virðisbreyting	(2.969)	(1.262)	135%
Hagnaður fyrir skatta	9.126	14.424	(37%)
Tekjuskattur	(3.078)	(4.071)	(24%)
Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	112	0	-
Hagnaður	6.160	10.353	(41%)
Helstu kennitölur			
Arðsemi eigin fjár	3,9%	6,3%	
Hagnaður á hlut (í krónum)	3,00	5,17	
Kostnaðarhlutfall	63,5%	54,2%	

Hagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 var umtalsvert lakari en á sama tímabili 2017, sem að mestu má skýra með einkisþróunum bæði árin. Arðsemi eigin fjár á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 nam 3,9%, samanborið við 6,3% á sama tímabili 2017.

Vaxtamunur fyrstu níu mánaða ársins er nokkru lakari en á sama tímabili 2017, sem skýrist einkum af miklu lausu fé í krónum á árinu 2017 sem hefur að mestu verið greitt út í arð og notað til kaupa á eigin bréfum á þessu ári. Talsvert tap var af hlutdeildarfélögum á árinu 2017, alfarið vegna erfiðleika United Silicon. Virðisbreyting fjárfestingareigna á árinu 2017 var óvenjulega mikil, sem skýrir mikið frávik í öðrum rekstrartekjum.

Rekstrarkostnaður hækkar nokkuð vegna aukins fjölda starfsfólks og almennt aukinna umsvifa en mestu frávikin eru vegna bakfærslu á skuldbindingu gagnvart Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta upp á 2.669 milljónir króna, sem hafði veruleg áhrif á annan rekstrarkostnað 2017.

Virðisbreyting útlána var veruleg bæði árin, vegna Primera á árinu 2018 og United Silicon 2017, en hins vegar voru umtalsvert meiri jákvæðar virðisbreytingar 2017 vegna uppgreiðslu íbúðalána og þar með innlausnar affalla sem og vegna uppgjörs skulda í nauðasamningum og greiðslna úr þrotabúum.

Kostnaðarhlutfall hækkar nokkuð, ekki síst vegna bakfærslu á Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta 2017.



Afkoma tekjusviða

Arion banki skiptir rekstri sínum í fimm afkomusvið auk dótturfélaga og stoðsviða. Afkomusviðin eru eignastýring, fyrirtækjasvið, fjárfestingarbankasvið, viðskiptabankasvið og fjárstýring.

Afkoma fyrir skatta var jákvæð af öllum afkomusviðum, nema af fyrirtækjasviði, á þriðja ársfjórðungi 2018.

3. ársfjórðungur 2018 <i>Í milljónum króna</i>	Eigna- stýring	Fyrirtækja- svið	Fjárfesting- arbanka- svið	Viðskipta- bankasvið	Fjárstýring	Höfuðst., dótturfélög og aðrar deildir	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	183	1.437	72	4.386	1.127	240	7.445
Hreinar þóknatekjur	837	284	441	1.326	(68)	1.426	4.246
Aðrar tekjur	24	(2)	(5)	367	331	1.316	2.031
Rekstrartekjur	1.044	1.719	508	6.079	1.390	2.982	13.722
Rekstrarkostnaður	(515)	(747)	(343)	(2.961)	(272)	(3.147)	(7.985)
Bankaskattur	(42)	(188)	(12)	(329)	(366)	0	(937)
Hrein virðisbreyting	0	(2.672)	16	(12)	19	(29)	(2.678)
Afkoma fyrir skatta	487	(1.888)	169	2.777	771	(194)	2.122

2. ársfjórðungur 2018 <i>Í milljónum króna</i>	Eigna- stýring	Fyrirtækja- svið	Fjárfesting- arbanka- svið	Viðskipta- bankasvið	Fjárstýring	Höfuðst., dótturfélög og aðrar deildir	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	175	1.464	94	4.310	1.189	381	7.613
Hreinar þóknatekjur	865	305	425	1.235	(82)	1.744	4.492
Aðrar tekjur	43	18	(1)	74	143	2.020	2.297
Rekstrartekjur	1.083	1.787	518	5.619	1.250	4.145	14.402
Rekstrarkostnaður	(630)	(878)	(398)	(3.398)	(313)	(3.358)	(8.975)
Bankaskattur	(41)	(180)	(14)	(312)	(333)	0	(880)
Hrein virðisbreyting	0	(413)	0	238	10	(27)	(192)
Afkoma fyrir skatta	412	316	106	2.147	614	760	4.355

3. ársfjórðungur 2017 <i>Í milljónum króna</i>	Eigna- stýring	Fyrirtækja- svið	Fjárfesting- arbanka- svið	Viðskipta- bankasvið	Fjárstýring	Höfuðst., dótturfélög og aðrar deildir	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	124	1.582	50	3.919	1.300	275	7.250
Hreinar þóknatekjur	867	314	291	1.258	(91)	1.226	3.865
Aðrar tekjur	70	80	(21)	252	(18)	119	482
Rekstrartekjur	1.061	1.976	320	5.429	1.191	1.620	11.597
Rekstrarkostnaður	(546)	(662)	(297)	(3.037)	(272)	(2.726)	(7.540)
Bankaskattur	(118)	(171)	(6)	(448)	(71)	0	(814)
Hrein virðisbreyting	0	(3.268)	(39)	804	0	(48)	(2.551)
Afkoma fyrir skatta	397	(2.125)	(22)	2.748	848	(1.154)	692



Eignastýringarsvið

Í milljónum króna	3F 2018	2F 2018	% breyt.	3F 2017	% breyt.
Hreinar vaxtatekjur	183	175	4,6%	124	47,6%
Hreinar þóknatekjur	837	865	(3,2%)	867	(3,5%)
Aðrar tekjur	24	43	(44,2%)	70	(65,7%)
Rekstrartekjur	1.044	1.083	(3,6%)	1.061	(1,6%)
Rekstrarkostnaður	(515)	(630)	(18,3%)	(546)	(5,7%)
Bankaskattur	(42)	(41)	2,4%	(118)	(64,4%)
Afkoma fyrir skatta	487	412	18,2%	397	22,7%

Starfsemi eignastýringar er stöðug og afkoma sviðsins með ágætum en sveiflur í afkomu tengjast að jafnaði ávöxtun á verðbréfamörkuðum. Rekstrarkostnaður lækkar nokkuð frá öðrum ársfjórðungi 2018, einkum vegna árstíðasveiflna. Eignir í stýringu samstæðunnar í lok september 2018 námu 951 milljarði króna og lækkuðu um 3,4% frá árslokum 2017.

Fyrirtækjasvið

Í milljónum króna	3F 2018	2F 2018	% breyt.	3F 2017	% breyt.
Hreinar vaxtatekjur	1.437	1.464	(1,8%)	1.582	(9,2%)
Hreinar þóknatekjur	284	305	(6,9%)	314	(9,6%)
Aðrar tekjur	(2)	18	-	80	-
Rekstrartekjur	1.719	1.787	(3,8%)	1.976	(13,0%)
Rekstrarkostnaður	(747)	(878)	(14,9%)	(662)	12,8%
Bankaskattur	(188)	(180)	4,4%	(171)	9,9%
Hrein virðisbreyting	(2.672)	(413)	547,0%	(3.268)	(18,2%)
Afkoma fyrir skatta	(1.888)	316	-	(2.125)	(11,2%)

Hreinar vaxtatekjur fyrirtækjasviðs á ársfjórðungnum eru í takt við annan ársfjórðung 2018 en um 9% lægri en þær voru á sama tímabili 2017. Lækkunin frá síðasta ári er einkum tilkomin vegna harðrar samkeppni á fyrirtækjamarkaði. Þóknarir sveiflast í takt við umsvif á fyrirtækjamarkaði og voru þær heldur minni en á sama tíma fyrir ári. Rekstrarkostnaður hækkar nokkuð á þriðja ársfjórðungi 2018 samanborið við sama tímabil 2017, í takt við hærri kostnað hjá bankanum, en lækkun rekstrarkostnaðar frá öðrum ársfjórðungi 2018 má einkum rekja til árstíðasveiflna. Neikvæða hreina virðisbreytingu af lánasafni á þriðja ársfjórðungi má einkum rekja til niðurfærslu á lánnum og ábyrgðum gagnvart Primera og að sama skapi var veruleg niðurfærsla á þriðja ársfjórðungi 2017 vegna United Silicon á meðan niðurfærslur á öðrum ársfjórðungi 2018 voru mun minni.

Fjárfestingarbankasvið

Í milljónum króna	3F 2018	2F 2018	% breyt.	3F 2017	% breyt.
Hreinar vaxtatekjur	72	94	(23,4%)	50	44,0%
Hreinar þóknatekjur	441	425	3,8%	291	51,5%
Aðrar tekjur	(5)	(1)	-	(21)	-
Rekstrartekjur	508	518	(1,9%)	320	58,8%
Rekstrarkostnaður	(343)	(398)	(13,8%)	(297)	15,5%
Bankaskattur	(12)	(14)	(14,3%)	(6)	100,0%
Hrein virðisbreyting	16	0	-	(39)	-
Afkoma fyrir skatta	169	106	59,4%	(22)	-

Umsvif fjárfestingarbankasviðs hafa aukist umtalsvert á árinu 2018 samanborið við fyrri ár. Á þriðja ársfjórðungi var lokið við skráningu á skuldabréfaflokki Regins og kaup N1 á Festi. Sviðið tók áfram þátt í úrlausn flókinna innheimtuverkefna fyrir bankann og mun áfram leita leiða til að vera leiðandi í ráðgjöf vegna sölu, fjármögnunar og sameininga fyrirtækja. Miðlun hlutabréfa og skuldabréfa hefur gengið vel í erfiðu markaðsástandi og hefur bankinn verið í fararbroddi í veltu hjá NASDAQ Ísland síðustu árin.



Viðskiptabankasvið

Í milljónum króna	3F 2018	2F 2018	% breyt.	3F 2017	% breyt.
Hreinar vaxtatekjur	4.386	4.310	1,8%	3.919	11,9%
Hreinar þóknunatekjur	1.326	1.235	7,4%	1.258	5,4%
Aðrar tekjur	367	74	395,9%	252	45,6%
Rekstrartekjur	6.079	5.619	8,2%	5.429	12,0%
Rekstrarkostnaður	(2.961)	(3.398)	(12,9%)	(3.037)	(2,5%)
Bankaskattur	(329)	(312)	5,4%	(448)	(26,6%)
Hrein virðisbreyting	(12)	238	(105,0%)	804	(101,5%)
Afkoma fyrir skatta	2.777	2.147	29,3%	2.748	1,1%

Rekstartekjur á þriðja ársfjórðungi jukust um ríflega 8% frá öðrum fjórðungi 2018 og um 12% frá þriðja ársfjórðungi 2017. Má fyrst og fremst rekja aukningu tekna til vaxandi lánabókar, bæði gagnvart einstaklingum og minni fyrirtækjum, og áherslu síðustu ára á þóknanatengda starfsemi.

Rekstrarkostnaður sviðsins breytist lítið milli ára en unnið hefur verið markvisst í þróun útibúanets bankans og aðlögun þess að breyttu neyslumynstri með tilkomu stafrænna lausna.

Óverulegar hreinar virðisbreytingar lána voru á tímabilinu, en áfram eru umtalsverðrar uppgreiðslur á íbúðalánum í lækkandi vaxtaumhverfi sem skila jákvæðum virðisbreytingum.

Fjárfstýring

Í milljónum króna	3F 2018	2F 2018	% breyt.	3F 2017	% breyt.
Hreinar vaxtatekjur	1.127	1.189	(5,2%)	1.300	(13,3%)
Hreinar þóknunatekjur	(68)	(82)	(17,1%)	(91)	(25,3%)
Aðrar tekjur	331	143	131,5%	(18)	-
Rekstrartekjur	1.390	1.250	11,2%	1.191	16,7%
Rekstrarkostnaður	(272)	(313)	(13,1%)	(272)	0,0%
Bankaskattur	(366)	(333)	9,9%	(71)	415,5%
Hrein virðisbreyting	19	10	90,0%	0	-
Afkoma fyrir skatta	771	614	25,6%	848	(9,1%)

Rekstartekjur fjárfstýringar hækka nokkuð á tímabilinu miðað við bæði þriðja ársfjórðung 2017 og annan ársfjórðung 2018. Hækkunina má einkum rekja til fjármunatekna af afleiðum og gjaldeyri. Nokkur lækkun hefur orðið á hreinum vaxtatekjum þar sem dregið hefur úr lausu fé í krónum en þess í stað er nú lausafé í erlendum myntum sem skilar lægri vaxtatekjum.



EfNAHAGSREIKNINGUR

Heildareignir samstæðu Arion banka hækka um 6% frá árslokum 2017 og um 4% á síðasta ársfjórðungi.

Í milljónum króna	30.09.2018	31.12.2017	breyt.	% breyt	30.06.2018	breyt.%
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	99.525	139.819	(40.294)	(29%)	112.996	(12%)
Lán til lánastofnana	123.446	86.609	36.838	43%	113.546	9%
Lán til viðskiptavina	819.965	765.101	54.864	7%	803.694	2%
Verðbréfaeign	109.374	109.450	(76)	(0%)	95.265	15%
Fjárfestingareignir	7.044	6.613	431	7%	7.027	0%
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	862	760	102	13%	743	16%
Óefnislegar eignir	14.039	13.848	191	1%	13.858	1%
Aðrar eignir	45.273	25.555	19.718	77%	27.715	63%
Egnir samtals	1.219.529	1.147.754	71.775	6%	1.174.844	4%

Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands námu 99.525 milljónum króna í lok tímabilsins, samanborið við 139.819 milljónir króna í árslok 2017. Lækkunina má að hluta til rekja til kaupa á eigin bréfum sem og arðgreiðslna á tímabilinu, samtals að fjárhæð 33,3 milljarðar króna.

Lán til viðskiptavina námu 819.965 milljónum króna í lok tímabilsins, sem er 7% aukning frá áramótum og 2% aukning á síðasta ársfjórðungi. Lán til fyrirtækja hafa aukist um 5,6% á fyrstu níu mánuðum ársins, einkum til heilidsölu og smásölu annars vegar og fasteigna og byggingastarfsemi hins vegar. Lán til einstaklinga jukust um 8,1%, nær eingöngu íbúðalán, en bankinn hefur haldið sínum hlut þrátt fyrir harða samkeppni á þeim markaði. Vegna gjaldþrots Primera Air niðurfærði bankinn eignir á tímabilinu. Í lok september 2018 var útlánaáhætta vegna flugiðnaðarins 4,3 milljarðar króna, til nokkurra viðskiptavina, eða sem nemur um 2,5% af eiginfjárgrunni.

Verðbréfaeign nam 109.374 milljónum króna í lok tímabilsins, samanborið við 109.450 milljónir króna í árslok 2017. Samsetning verðbréfasafns ræðst mikið af því lausafé sem bankinn hefur til umráða hverju sinni. Tilflutningur úr erlendum lausafjárjókum yfir í skuldabréf á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 skýrir einkum breytingarnar en einnig hefur bankinn selt nokkuð niður stöður sínar í skráðum og óskráðum hlutabréfum.

Í milljónum króna	30.09.2018	31.12.2017	breyt.	% breyt	30.06.2018	breyt.%
Skuldabréf	64.256	51.755	12.501	24%	49.659	29%
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	21.348	36.190	(14.842)	(41%)	20.801	3%
Afleiðusamningar	6.353	7.624	(1.271)	(17%)	5.130	24%
Verðbréf til áhættuvarna	17.417	13.881	3.536	25%	19.675	(11%)
Verðbréf samtals	109.374	109.450	(76)	(0%)	95.265	15%

Skuldir samstæðu Arion banka hækka um tæp 11% frá áramótum og um 6% á síðasta ársfjórðungi. **Eigið fé** lækkar vegna arðgreiðslna og kaupa á eigin bréfum á tímabilinu að fjárhæð 33,3 milljarðar króna. Afkoma tímabilsins og hækkun eigin fjár vegna innleiðingar IFRS 9 kemur á móti lækkuninni.

Í milljónum króna	30.09.2018	31.12.2017	breyt.	% breyt	30.06.2018	breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	15.370	7.370	8.000	109%	6.336	143%
Innlán frá viðskiptavinum	484.569	462.161	22.408	5%	476.182	2%
Fjárskuldir á gangvirkði	3.381	3.601	(220)	(6%)	3.895	(13%)
Aðrar skuldir	90.552	63.890	26.662	42%	70.027	29%
Lántaka	425.601	384.998	40.603	11%	410.773	4%
Eigið fé hluthafa	199.317	225.606	(26.289)	(12%)	206.890	(4%)
Minnihluti	739	128	611	477%	741	(0%)
Skuldir og eigið fé samtals	1.219.529	1.147.754	71.775	6%	1.174.844	4%

Innlán frá viðskiptavinum námu 484.569 milljónum króna í lok september 2018 og höfðu aukist um 5% frá árslokum 2017. Aukninguna má einkum rekja til einstaklinga og minni fyrirtækja. Innlán eru, nú sem áður, mikilvægasta fjármögnun bankans og bankinn leggur áherslu á að halda stöðu sinni á innlánamarkaði eins sterkri og kostur er.

Lántaka bankans nam 425.601 milljón króna í lok september 2018. Bankinn gaf í mars út skuldabréf á alþjóðlegum markaði til fimm ára að fjárhæð 300 milljónir evra, sem samsvarar um 37 milljörðum króna. Jafnframt hélt bankinn áfram útgáfu sértryggðra skuldabréfa á íslenska markaðnum og nam útgáfan 21 milljarði króna sem og víxla sem námu tæpum 26 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2018.

Eigið fé hluthafa bankans nam 199.317 milljónum króna í lok september 2018 samanborið við 225.605 milljónir króna í lok árs 2017. Lækkunin er tilkomin vegna kaupa á eigin bréfum á fyrsta ársfjórðungi og arðgreiðslna á fyrsta og þriðja fjórðungi en á móti kemur hækkun á eigin fé vegna innleiðingar IFRS 9 og afkomu tímabilsins. Hlutfall almenns eiginfjárpáttar 1 hjá bankanum nam 21,6% í lok september 2018, samanborið við 23,4% í árslok 2017.



KENNITÖLUR

	3F 2018	2F 2018	3F 2017	9 mán. '18	9 mán. '17
Arðsemi eigin fjár	2,3%	5,9%	-0,2%	3,9%	6,3%
Arðsemi eigna	0,4%	1,1%	0,0%	0,7%	1,2%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,7%	2,8%	2,7%	2,7%	2,9%
Vaxtamunur á heildareignir	2,5%	2,6%	2,6%	2,5%	2,7%
Kostnaðarhlutfall	58,2%	62,3%	65,0%	63,5%	54,2%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,7%	3,1%	2,7%	2,9%	2,6%
Virkur tekjuskattur	45,9%	29,6%	116,3%	33,7%	28,7%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall)	21,7%	21,9%	27,1%	21,7%	27,1%
Hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1	21,6%	21,8%	26,6%	21,6%	26,6%
Brúttó hlutfall lána í þrepi 3*	2,9%	3,0%	-	2,3%	-
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	66,2%	67,8%	68,4%	66,2%	68,4%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	169,2%	168,8%	168,4%	169,2%	168,4%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.311	1.313	1.275	1.305	1.235
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.334	1.309	1.293	1.334	1.293
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	810	829	824	824	826
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	822	823	842	822	842

* Eftir innleiðingu IFRS 9 þann 1. janúar 2018 var tekinn upp nýr mælikvarði varðandi gæði útlána: (Hlutfall lána í þrepi 3 + POCI lán í áhættuflokki 5) / brúttó útlán

FJÁRHAGSLEG MARKMIÐ

Á seinni hluta ársins 2016 setti Arion banki sér eftirfarandi markmið til næstu þriggja til fimm ára.

- **Arðsemi eigin fjár** Ná arðsemi umfram 10%
- **Eiginfjárfrafa (CET 1)** Lækka niður undir 17%
- **Lánavöxtur** Lánavöxtur sé í takt við vöxt í efnahagslífinu á næstu árum
- **Arðgreiðslustefna** Arðgreiðsluhlutfall í kringum 50% af hagnaði hluthafa
- **Kostnaðarhlutfall** Lækka í um það bil 50%



FUNDIR MEÐ MARKAÐSAÐILUM

Haldinn verður fundur fyrir markaðsaðila þann 1. nóvember klukkan 8:30 þar sem Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri, og Stefán Pétursson, fjármálastjóri, munu kynna afkomu bankans og svara spurningum þátttakenda. Fundurinn fer fram á ensku í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19 og verður jafnframt streymt beint.

Þeir sem hyggjast sækja fundinn eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig [hér](#). Þeir sem vilja hringja inn á fundinn og taka þannig þátt með því að leggja fram spurningar þurfa að hringja inn áður en kynningin hefst, sjá eftirfarandi símanúmer:

Ísland: 800 7417

Svíþjóð: +46 856 642 665

Bretland: +44 20 3008 9808

Hægt verður að nálgast streymið beint á financialhearings.com og á fjárfestatengslavef bankans.

Nánari upplýsingar veita Sture Stolen, forstöðumaður fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is eða Theódór Friðbertsson, fjárfestatengslum Arion banka, theodor.fridbertsson@arionbanki.is, s. 856 6760.

FJÁRHAGSDAGATAL 2018-2019

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Ársuppgjör 2018 og árshlutauppgjör 4F 2018	13. febrúar 2019
Aðalfundur	13. mars 2019
Árshlutauppgjör 1F 2019	8. maí 2019
Árshlutauppgjör 2F 2019	8. ágúst 2019
Árshlutauppgjör 3F 2019	30. október 2019

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.

Yfirlýsing um framtíðarsýn

Þessi tilkynning inniheldur framtíðarsýn sem endurspeglar núverandi sýn stjórnenda um framtíðina og fjárhagslegan árangur framtíðarinnar. Upplýsingar í tilkynningunni eru byggðar á gögnum félagsins, sem fyrir liggja, þegar tilkynningin er birt. Þó Arion banki telji að gefnar væntingar séu raunhæfar er enga vissu hægt að gefa fyrir því að þær gangi eftir. Af þeim sökum getur endanleg niðurstaða orðið umtalsvert frábrugðin umræddum væntingum. Þær forsendur sem mikilvægastar eru og gætu valdið annarri útkomu hjá Arion banka: a) þróun efnahagsumhverfis, b) þróun verðbólgu, vaxta og gjaldmiðla, c) þróun samkeppnisumhverfis og d) breytingar á regluverki og aðrar aðgerðir stjórnvalda. Þessir þættir eru alls ekki tæmandi taldir. Yfirlýsing þessi gefur ekki til kynna að Arion banki hyggist eða hafi breytt sinni framtíðarsýn á neinn hátt, umfram það sem fyrir liggur um breytingar á lögum eða gildandi kauphallarreglum ef og þegar aðstæður koma upp sem kalla á breytingar frá þeim tíma er þessi tilkynning var birt Arion banki ber ekki í neinum tilvikum ábyrgð á tjóni sem kann að hljóta af notkun upplýsinga í tilkynningu þessari. Óheimilt er að endurbirta eða dreifa upplýsingum í tilkynningunni án skriflegs samþykkis Arion banka.